

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfryjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfryjandi Runólfur Stefánsson skipstjóri greiði stefndu, firmanu G. Gíslason & Hay, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag desembermán.

Nr. 58/1910:

Réttvísín

gegn

Guðjóni Magnússyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 29. júlí þ. á., er hinn ákærði, skósmiður Guðjón Magnússon, dæmdur samkvæmt 253 gr. og 277 gr. sbr. við 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal varnarlaun til skipaðs talsmanns hans í héraði 6 krónur. En svo er kveðið á í dómnum, að fullnustu hans skuli fresta að því er til refsingar kemur samkvæmt lögum nr. 39 16. nóvember 1907 um skilorðsbundna hegningardóma m. m., þannig að fullnægjugjörð dómsins falli niður að þessu leyti, svo framarlega ákærði eigi innan 5 ára frá uppsögn dómsins sætir ákæru fyrir glæp, drygðan af ásettu ráði, og sé í máli því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Þessum aukaréttardómi hefir verið skotið til yfir-
dómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er í máli þessu sannað með eigin játningu hins
ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann hafi gjörst
sekur um afbrot það, sem nú skal frá skýrt.

Ákærði fór frá heimili sínu Lambastöðum í Gull-
bringusýslu áleiðis til Reykjavíkur 18. janúar síðastl. í
því skyni að ráða sig þar í skiprúm á fiskiskipið Geir,
eign Edinborgarverzlunar. En er hann kom til Hafnar-
fjarðar um kvöldið þennan dag, fór hann á fund verzl-
unarstjórans fyrir Edinborgarverzlun þar á staðnum, og
inti hann eftir um ráðingarkjör á skipum hans og hvort
fullráðið væri á þau. Og er þeir höfðu um þetta rætt,
varð það að samkomulagi milli hans og verzlunarstjórans,
að ákærði réðist þar á eitt af fiskiskípum Edinborgar-
verzlunar. Var gjörður skriflegur skiprúms- eða vistráða-
samningur um þetta, og réðst ákærði með honum á
skip verzlunarinnar »Sjana«; samninginn undirskrifaði
ákærði með nafninu Jón Kristjánsson í Keflavík, enda
hafði hann áður nefnt sig því nafni við mann þann, er
var við útbúning vistráðasamningsins. Síðan fekk ákærði
65 kr. hjá verzluninni sem lán eða fyrirfram borgun
upp í kaup sitt; veitti hann viðurkenningu fyrir upphæð-
inni og skrifaði nafnið Jón Kristjánsson undir hana.
Segist hann hafa tekið þetta nafn af handahófi og út í
loftið, enda virðist enginn maður með því nafni þá hafa
verið í Keflavík. Ákærði hélt síðan sama kvöldið til
Reykjavíkur, þar sem hann upphaflega ætlaði að ráða sig
í skiprúm, og þar gjörði hann daginn eftir skiprúms- eða
vistráðasamning, og réði sig á fiskiskipið »Geir«, er einn-
ig var eign Edinborgarverzlunar, og fekk jafnframt greidd-

ar 70 kr. sem lán eða fyrirfram borgun upp í háseta-kaup sitt. Skiprúmssamninginn og kvittunina undirskrifaði hann nú hvortveggja með sínu rétta nafni. Peninga þá, er ákærði með framannefndu móti hafði af Edinborgarverzlun í Hafnarfirði og hann varði í ýmislegar þarfir sínar, hefir verzlunin fengið endurgoldnar og gjörir eigi kröfu til neinna skaðabóta.

Ákærði er fæddur 28. ágúst 1889, og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neinn glæp. Afbrot hans fellur undir 277. gr. almennra hegningarlaga sbr. 270. gr. 1. máls., og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir það 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og eigi þykir ástæða vera til þess að beita ákvæðum laga Nr. 39. 16. nóvember 1907. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, að meðtöldum málflutningslaunum til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Magnússon sæti 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. (Ákærði greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar 12 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. d. desembermán.

Nr. 28/1910:

Stefán Th. Jónsson

gegn

Frederikshavns Jernstøberi og
Maskinfabrik, Brødrene Houmøller.

D ó m u r :

Með gestaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 18. apríl þ. á., var áfrýjandinn Stefán Th. Jónsson, konsúll á Seyðisfirði, dæmdur til að greiða stefnda Bjarna Þ. Johnsen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd hlutafélagsins Frederikshavns Jernstøberi og Maskinfabrik, Brødrene Houmøller, 1202 kr. 34 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1908 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. maí þ. á., og krafist þess, að málinu verði vísað frá gestaréttinum, eða til vara, að verða algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að sér verði, hvernig sem málið fer, dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.